

Ed.

1380. Frumvarp til laga

[537. mál]

um áfengismál.

Flm.: Stefán Benediktsson.

1. gr.

Óheimilt er þrátt fyrir ákvæði annarra laga að blanda saman óáfengu öli og áfengum drykkjum til sölu á veitingastöðum. Einnig er óheimilt þrátt fyrir ákvæði annarra laga að flytja með sér áfengt öl inn í landið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til að afstaða Alþingis til áfengismála verði skýrð til fullnustu. Eðlilegt hlýtur að teljast að bjórlíki verði ekki á boðstólum á veitingastöðum frekar en áfengt öl. Einnig hlýtur það að vera sjálfsögð afstaða löggjafans að mönnum verði ekki mismunað með þeim hætti að sumum leyfist að kaupa áfengt öl og flytja með sér inn í landið til neyslu en öðrum ekki, þar eð landsmenn geta ekki allir jafnt notað þá heimild eða hafnað henni. Hlýtur þetta frumvarp því, ef samræmi er í afstöðu þingsins, að hljóta skjóta afgreiðslu og samþykki því að ekki mun þingið vilja stuðla að tvískinnungi í þessum málum frekar en öðrum.